



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# **Ársskýrsla Sprotasjóðs**

## **úthlutunarárið 2014-2015**



# Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs .....	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2014-2015.....	1
Umsýsluaðili .....	2
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2014-2015 .....	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2014-2015 .....	3
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2014-2015. ....	4
Samningar við styrkþega .....	8
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs.....	9
Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2014 .....	10

## Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. Laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [Nr. 242/2009](#).

## Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2014-2015

Mennta- og menningamálaráðherra skipaði við stofnun sjóðsins stjórn hans til fjögurra ára. Nokkrar breytingar hafa orðið á setu manna í stjórn og hefur þeirra breytinga áður verið getið í ársskýrslum. Engar breytingar urðu hins vegar á stjórn sjóðsins frá síðasta úthlutunarári og var stjórn sjóðsins skipuð þannig:

Sigurjón Mýrdal, formaður, án tilnefningar

Björk Óttarsdóttir, án tilnefningar

Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Finnur Friðriksson, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

## Umsýsluaðili

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sér um umsýslu Sprotasjóðs og er það samkvæmt samningi sem gerður var við stofnunina í maí 2012 af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Samningurinn var þá endurnýjaður til þriggja ára og er gildistími hans 1.7.2012 - 30.6.2015.

Meðal starfa umsýsluaðila er að halda utan um umsóknarferlið, taka á móti umsóknum, halda utan um að lokaskýrslum og rekstrarreikningum sé skilað á tilskildum tíma og vera styrkþegum innan handar við þau skil. Þegar umsýsluaðili hefur lesið þær yfir og þær uppfylla þau skilyrði sem styrkþegum eru sett þá eru þær birtar á vef Sprotasjóðs [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is)

## Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2014-2015

Fyrsti fundur stjórnar vegna úthlutunar var haldinn í desember 2013 og línurnar lagðar fyrir vinnu stjórnar á komandi úthlutunarári. Lögð var fram tímalína um vinnu stjórnar og umsóknarferli. Stjórn ræddi tillögur að áherslusviðum en í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra ákvað stjórn Sprotasjóðs að áherslusviði sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2014-2015 yrðu eftirfarandi:

- Árangursríkt læsi alla skólagönguna: Að skilja og nýta upplýsingar á fjölbreyttan hátt
- Verklegrir kennsluhættir á öllum námssviðum og mat á hæfni nemenda
- Afburðanemendur

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu um miðjan janúar til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var einnig sett inn á vef ráðuneytisins og umsýsluaðila [www.rha.is](http://www.rha.is) ásamt því voru sendar út tilkynningar til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og þannig vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Sprotasjóðs, [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is). Umsóknartímabilið var frá 13. janúar - 28. febrúar 2014.

## Úthlutun Sprotasjóðs 2014-2015

Alls bárust 124 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna rúmar 259 millj. kr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir í marsmánuði og í byrjun aprílmánaðar lagði stjórnin fyrir menntamálaráðherra tillögu að styrkveitingum ráðherra ákvað að tillögu stjórnar að veita styrki til 37 verkefna samtals að upphæð tæplega 50. mkr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkirnir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

**Tafla 1.** Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2014-2015

	Höfuðborg	Reykjanes	Suður-land	Vestur-land	Norður-land	Austur-land	Samtals	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	3	2	2	1			8	10.300.000
<b>Grunnskólar</b>	14	1		2	2	2	21	25.344.000
<b>Framhaldsskólar</b>	2	1	1	1	1	1	7	11.930.000
<b>Þvert á skólastig</b>	1						1	2.000.000
<b>Samtals</b>	20	4	3	4	3	3	37	49.574.000

## Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2014-2015.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2014-2015.

**Tafla 2.** Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2014-2015

Úthlutun 2014-2015			
Leikskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Leikskólinn Tjarnarsel	Garðurinn okkar og hringrás náttúrunnar: Kennsla og nám á útileiksvæði leikskóla	SAGE garden	1.000.000
Heilsuleikskólinn Urðarhóll	Að læra gegnum dans		650.000
Leikskólinn Gefnarborg	Brú milli tungumála		750.000
Leikskólinn Ösp	Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðis samfélag í leikskóla	Fellaskóli	1.500.000
Heilsuleikskólinn Hamravellir	Í takt við tæknina? Efling læsis með notkun upplýsingatækni og spjaldtölva	Heilsuleikskólinn Krókur, Heilsuleikskólinn Kór, Heilsuleikskólinn Háaleiti, Ungbarnaleikskólinn Ársól-heilsuleikskóli, Skólar	2.500.000
Leikskólar Vesturbyggðar	Lífsmennt		600.000
Leikskólinn Heklukot	Lengi býr að fyrstu gerð		1.300.000
Fræðsluvið Árborgar	Að auka hæfni, þekkingu og leikni leikskólabarna í læsi	Leikskólinn Árbær, Leikskólinn Álfheimar, Leikskólinn Hulduheimar, Leikskólinn Jötunheimar, Leikskólinn Brimver/Æskukot	2.000.000

Grunnskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Grundaskóli	Efla list- og verkgreinar með áherslu á tækni og forritun	Brekkubæjarskóli	1.250.000
Flataskóli	Frá frumkvæði til framkvæmdar - Efling nýsköpunar- og frumkvöðlahæfni og þróun kennsluhátta og námsmats á grunnskólastigi	FNF (Félag kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamente), Klifið skapandi fræðslusetur, Menntavísindasvið HÍ, Flataskóli, Garðaskóli, Menntaklif - skólasamfélag Garðabæjar	1.250.000
Seyðisfjarðarskóli	Stafrænt handverk		500.000
Salaskóli	Nýtum það sem til er, vinnum saman hvar sem er		779.000
Breiðagerðisskóli	Hreyfum námsefnið		865.000
Hvolsskóli	Fræðsla grunnskólanema og vistheimt örfoka lands á Suðurlandi	Landvernd, Grunnskólinn á Hellu, Þjórarskóli, Landgræðsla ríkisins	2.000.000
Grunnskóli Grindavíkur	Grunnskóli Grindavíkur og auðlindir grenndarsamfélagsins		1.400.000
Hvaleyrarskóli	Upplýsingalæsi - nám í gegnum leik	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	1.500.000
Dalskóli	Grafið í hólinn		400.000
Lágafellsskóli	Núvitund/gjörhygli í skólastarfi		2.200.000
Dalvíkurskóli	Byrgjum brunninn - árangursríkt nám í upphafi grunnskóla	Árskógarskóli	1.600.000
Giljaskóli	Núvitund í Giljaskóla	Háskólinn á Akureyri	600.000
Salaskóli	Ritun og jafningjaraðgjöf	HÍ, Menntavísindadeild	1.000.000
Álfhólsskóli	Tilfinningalæsi		800.000
Grunnskóli Seltjarnarness	Lesið fyrir hund	Félagsmiðstöðin Selið, Grunnskóli Seltjarnarness	1.500.000
Varmárskóli	Afburðanemendur í Varmárskóla		2.700.000
Sæmundarskóli	Smiðjur í 6.-7. bekk		800.000
Hörðuvallaskóli	Skólabyrjun í brennidepli		1.500.000
Grunnskóli Vestmannaeyja	Stafræn framleiðslutækni fyrir 1. til 5. bekk.	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1.200.000
Grunnskólinn í Borgarnesi	IÐN: Verkleg kennsla á vinnustað		500.000
Grunnskólinn á Bakkafirði	Vinnustofur		1.000.000



Framhaldsskólastig			
Umsækjandi	Heiti verkefnis	Samstarfsstofnanir	Úthlutun
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	HÖN 103		400.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Menningareflandi framhaldsskólar		2.800.000
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	LTG. Lestur til gagns.		780.000
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Nýnemaönn í FSU	Háskóli Íslands	2.000.000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Fjölbreytt námsframboð	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Menntaskóli Borgarfjarðar Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	2.250.000
Framhaldsskólinn á Laugum	Verknám í heimabyggð - samstarfs framhaldsskóla og vinnustaða	Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.700.000
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Starfsnám á landsbyggðinni	Fjölbrautaskóli Vesturlands, Menntaskóli Borgarfjarðar, Fjölbrautaskóli Snæfellinga, Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands	2.000.000

**Þvert á skólastig**

<b>Umsækjandi</b>	<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Samstarfsstofnanir</b>	<b>Úthlutun</b>
Skóla- og frístundasvið Reyjavíkurborgar	Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna	Leikskólinn Sunnuás, Langholtsskóli	2.000.000
<b>Heildarúthlutun</b>			<b>49.574.000</b>

## Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili hófst handa við að senda öllum umsækjendum Sprotasjóðs svör við umsókn þeirra fyrri hluta aprílmánaðar og í kjölfarið var unnið að gerð samninga með styrkþegum og náðist að ljúka þeirri vinnu að mestu í byrjun maí mánaðar. Þetta umsóknartímabil eins og önnur þurfti stjórn sjóðsins að úthluta lægri fjárhæðum til margra verkefna en sótt var um. Nokkrir styrkþegar þurftu í framhaldinu að endurskoða áætlanir sínar og var það gert í samvinnu við umsýsluaðila og stjórn sjóðsins. Sama fyrirkomulag var haft á samningum eins og verið hefur undanfarin ár, þ.e styrkþegi fær send þrjú eintök til sín, heldur eftir einu, tvö eru send til baka til umsýsluaðila sem heldur einu eftir en eitt eintak fer til bókhaldssviðs ráðuneytisins sem sér um að greiða styrkina samkvæmt samningum.

## Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í sex úthlutunartímabil og í töflu 3 og 4 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkirnir hafa skipst milli skólastiga á þessum tímabilum.

**Tafla 3.** Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs.

	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		2013-2014		2014-2015		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	10	7.450.000	7	9.900.000	8	10.300.000	44	42.650.000
<b>Grunnskólar</b>	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	20	17.700.000	16	16.130.000	21	25.344.000	121	107.684.000
<b>Framhaldsskólar</b>	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	9	9.550.000	14	15.230.000	7	11.930.000	57	80.010.000
<b>Þvert á skólastig</b>	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	7	8.350.000	3	3.900.000	1	2.000.000	26	40.050.000
<b>Alls</b>	<b>44</b>	<b>43.430.000</b>	<b>47</b>	<b>44.780.000</b>	<b>34</b>	<b>44.400.000</b>	<b>46</b>	<b>43.050.000</b>	<b>40</b>	<b>45.160.000</b>	<b>37</b>	<b>49.574.000</b>	<b>248</b>	<b>270.394.000</b>

Í töflunni má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað rúmum 270 mkr. til 248 þróunarverkefna á þeim sex úthlutunartímabilum sem liðin eru frá stofnun sjóðsins.

## Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2014

### SPROTASJÓÐUR

2014

#### Fjárlagaliður 02-720-134

Fjárlög

Frá fyrra ári

#### Fjárheimild

53.100.000

8.642.169

#### Greitt

#### Áætlun:

Umsýslugjald til RHA, 2014

3.930.000

Þóknun

263.910

Funda- og ferðakostnaður

90.933

Auglýsingar

434.667

Internet á Íslandi, hýsing

6.760

Stefna, tölvuvinnsla og hýsing

64.136

#### Styrkir:

Styrkur úthl. 2013, en var óbókaður 31.12.2013

400.000

Styrkir úthl. 2014 - greiddir

30.424.400

Styrkir úthl. 2014 - ógreiddir

19.949.600

**Samtals greitt og lofað 16. desember 2014**

**61.742.169**

**55.564.406**

**Eftirstöðvar**

**6.177.763**